

# Ofbeldi gegn börnum, áföll og rannsóknarviðtal

## E-522-CHAB

**Ár:** 2 og 3 ár

**Önn:** Haustönn

**Skipulag:** 3 stundir á viku í 12 vikur

**ECT:** 6

**Tegund námskeiðs:** Valáfangi

**Undanfarar:** Engir

**Tungumál:** Enska

### Lýsing:

Í þessu námskeiði munu nemendur læra um mismunandi tegundir ofbeldis gagnvart börnum, þ.e. andlegt, líkamlegt, kynferðislegt ofbeldi og vanrækslu. Einnig verður fjallað um afleiðingar og áhrif ofbeldis á geðheilsu barna (t.d. kvíða, lágt sjálfsmat, þunglyndi og áfallastreituröskun). Nemendur munu öðlast þekkingu á þáttum sem hafa áhrif á frásögn barna (t.d. þroska barna, minni og sefnæmi (e. *suggestibility*) og kynnast gagnreyndri nálgun við rannsóknarviðtöl við börn og unglunga (e. *child forensic interview*).

### Lærdómsviðmið:

Að námskeiði loknu:

#### Þekking

- Nemandi sýni kunnáttu á mismunandi tegundum ofbeldis gagnvart börnum og áhrifum ofbeldis á geðheilsu.
- Nemandi þekki úrræði sem eru í boði í samfélaginu fyrir börn og ungmenni sem eru polendur ofbeldis.
- Nemandi þekki þætti sem geta haft áhrif á frásögn barna í rannsóknarviðtali (t.d. þroska barna, minni, og sefnæmi).
- Nemandi þekki rannsóknarviðtöl sem tekin eru við börn og unglunga (e. *child forensic interview*).

#### Leikni

- Nemandi kunni skil á úrræðum í samfélagi, fyrirbyggjandi aðgerðum og forvörnum sem beitt er til að efla geðheilsu og sporna við ofbeldi gagnvart börnum.
- Nemandi geti aðgreint mismunandi stig (e. *stages*) rannsóknarviðtalsins.

#### Hæfni

- Nemandi geti greint merki um ofbeldi gangvart börnum og þekkir viðeigandi úrræði.
- Nemandi sýni frumkvæði og geti tekið virkan þátt í faglegri samvinnu í verkefnum.



## Námsmat:

Þátttaka í tímum, hópverkefni, lokapróf og lokaritgerð.

## Kennsluaðferðir:

Fyrirlestrar, sýnismyndbönd, hópvinna, umræður.